

CO T F DE



3. TBL.

JAN. 1966

3. ÁR



Amatórar út og inn
ennþá málin bræða.
Einn vill þetta annað hinn
annar ekki málið ræða.

TF3KB

Kæru félagar

Ég óska ykkur gleðilegs nýs árs og alls góðs í fram-
tíðinni.

Núna rétt fyrir áramótin hóf ný stjórn starf sitt. Hún er að mestu skipuð ungum framsýnum mönnum en hefur þó fáeina eldri sér til aðstoðar. Við í þessari nýju stjórn vonumst eftir að geta rækt starf okkar svo flestum líki. Á síðasta aðalfundi kom fram ósk þriggja hjálparsveita um að fá afnot af tíðninni 3505 kc og hafa samband við amatöra á þeirri tíðni. Síðan var haldinn félagsfundur og var á honum samþykkt samkvæmt minni tillögu að fresta afgreiðslu málsins unz borizt hefði skrifleg ósk frá hjálparsveitunum og málið íhugað betur. Á þessum fundi kom tillaga frá einum fundarmanni um að gefið yrði út fréttablað, sem fjallaði um málið og er þetta blað árangur þess. Þessi sami fundarmaður tók það skýrt fram að málið yrði að ræða frá öllum hliðum og vona ég fastlega að hann hafi notað sér boð okkar um að skrifa í blaðið. Ég vil um leið minna félagsmenn á að skrifa í blaðið ef þeir hafa frá einhverju markverðu að segja. Ritstjóri mun taka við greinum í blaðið. Aðalástæður fyrir ósk sinni töldu framsögumenn sveitanna að t.d. ef þeir væru staddir í nokkurri fjarlægð frá Rvík reyndist oft erfitt að ná þangað sambandi á þeim tíðnum sem þeim þegar hefur verið úthlutað, vegna slæmra skilyrða og þar að auki væri morskunnátta umsjónarmanna Reykjavíkurstöðvarinnar bágborin, svo ef til þess konar útsendingar kæmi, væri ágætt að geta haft samband við amatöra. Einnig töldu þeir hentara að hafa þessa tíðni inni á amatörbandi, því að þar munu amatórar aðallega hlusta. Ég tel að þetta sé allt rétt athugað hjá þeim, en mér finnst það óafsakanlegt að menn, sem eru í þjónustu ríkisins og eiga að vera á verði gagnvart allskonar neyðar-
sendingum, séu ekki hæfir til þess.

Flugbjörgunarsveitin hefur tilkynnt að hún sé hætt við þetta og ég hef heyrt að þeir ætluðu heldur að sækja um 3495 kc þ.e. 5 kc neðan við 80 m bandið. Þá kemur til greina að I.R.A. stofni hjálpardeild, sem í vöru amatórar velþjálfaðir og fengju þeir leyfi til að fara inn á þessa tíðni. Ef þetta verða endanleg árslit málsins, hvet ég sem flesta að taka þátt í þessu starfi einkum þá sem mikið ferðast.

Annað mál sem mikið er um rætt nú, eru ný útkomnar reglur um leyfi radióáhugamanna. Eru í þeim nokkrar breytingar frá fyrri reglum. Við í hinni nýju stjórn fengum ekkert að fréttu af þessum reglum fyrr er rétt áður en þær voru undirskrifaðar. Þykir hér það undarlegt að fyrrverandi ráðamenn félagsins skuli ekki hafa

samráð við félagsfund áður en þeir lögðu breytingar-tillögur sínar fyrir Póst og símamálastjórn, Þegar við fengum fyrst að sjá þessar reglur voru aðal-breytingar fólgnar í þrískiptingu leyfisins. og er sú skipting svona:

Fyrst skal gengið undir próf og eru kröfur þær sömu og áður. Við lok þess fá menn A-leyfi. Þeir leyfishafar mega nota hámarks orku 50 wött og eingöngu A út-sendingu. Lágmarksaldur 16 ár. Næst kemur B-leyfi, sem veitir samskonar réttindi og hafa verið fram til þessa plús tvö skilyrði, að hafa verið 1 ár með A-leyfi og vera fullra 18 ára. Þar er hámarks orka 150 wött. Hæsta leyfið er C-leyfi. Skilyrði að hafá verið 1 ár á B-leyfi. Þar er hámarksorka 150 wött cw, mcw og am en, 500 wött pep ssb.

Eftir að hafa kynnt okkur þessar reglur báðum við um frest á undirskrift þeirra, í minnst einn sólarhring og var fallist á þann lágmarks-frest. Síðan tók stjórnin saman athugasemdir og breytingartillögur við þessar nýju reglur, sem flestar voru samþykktar, en frekari frestur fékkst ekki og reyndist því ekki unnt að kalla saman félagsfund sem þó hefði verið æskilegt. Helztu breytingar sem við fengum framgengt eru þessar:

Tími A-leyfis stýttist í 1/2 ár, lágmarksaldur B-leyfis var lækkaður niður í 17 ár og cw, mcw og am orka C-leyfis hækkuð í 250 wött, svo nú er þetta orðið eins og yfirleytt í öðrum löndum að cw orkan er helmingi lægri en pep ssb orkan. Helztar aðrar breytingar eru þær að við bætist bandið 3775 - 3800 kc og er þar aðeins leyft am og ssb, einnig bætist við talleyfi á 7040 - 7100 kc. Að endingu vil ég minnast á eitt atriði í þessum reglum sem er hálf einkennilegt, en það er að ekki er leyft ssb í B-leyfi. Þetta má kannski fá lagfært fljótlega. Ég vil taka fram að stjórnin fékk þessar reglur ekki í hendur fyrr en 30 des. og þá aðeins ljósprentað eintak var þá orðið of seint að koma bréfi til félagsmanna í tæka tíð, en þær gengu í gildi um áramótin. Hins vegar munu félagsmenn geta fengið prentað eintak fljótlega.

73

TF3JA formaður

VINNUBRÖGÐ.

Eg vil gefa'út aukablað,
Eg vil fá að skrifa'í það.
En ef sagan öll er sögð,
Slíkt eru' ekki vinnubrögð.

(Aðsent)

AMATÖRAR OG FJARSKIPTAMÁL

Á aðalfundi Í.R.A. þann 11. des. s.l. skýrði ég frá því, að Flugbjörgunarsveitin í Rvík, Hjálparsveit skáta í Rvík og Slysavarnafélagið óskuðu eftir heimild Í.R.A. til þess að mega nota tíðnina 3505 kc í neyðartilfellum og við leitir og lítilsháttar til prófana á stöðvunum. Það kom fram, að tilgangurinn með þessari beiðni var aðallega tvíþættur, þ.e. að björgunarsveitirnar gætu notið aðstoðar amatöra í erfiðum radióskilyrðum, og að sveitirnar fengju um leið tíðni til afnota sem er nokkuð góð til fjarskipta á löngum leiðum innanlands. Álits Landssímans hafði verið leitað af Gunnari Jóhannessyni, og var tekið vel í þá málaleitan, en jafnframt vísað til Í.R.A. um álit þeirra eða heimild.

Það kom í Ljós á aðalfundinum, að flestir fundarmenn virtust vera málinu hlynntir, en þó voru tveir þeirra, Sveinn Guðmundsson og Einar Pálsson, málinu ekki samþykkir. Á fundinum gerði ég eftirfarandi uppkast að tillögu, sem ég vildi leggja fyrir fundin til atkvæðagreiðslu: "Fundurinn ályktar, að lýsa því yfir, að hann telur rétt að taka vel í málaleitan Flugbjörgunarsveitarinnar, Hjálparsveitar skáta og Slysavarnafélagsins um að tíðnin 3505 kc verði leyfð til afnota af þessum björgunarsveitum í neyðartilfellum og leitum og til viðskipta við radióáhugamenn, þegar þeir geta aðstoðað. Fundurinn óskar þó eftir að fá nánari tilmæli um þetta skriflega". Undir þessa tillögu skrifaði Vilhjálmur Kjartansson, TF3DX, formaður Hjálparsveitar skáta í Rvík, auk þess ég, sem höfundur tillögunnar, en Þorvaldur Mawby frá Slysavarnafélaginu og Gunnar Jóhannesson frá Flugbjörgunarsveitinni voru ekki á fundinum (sá síðarnefndi gat ekki mætt). Vegna Ummæla Sveins Guðmundssonar og Einars Pálssonar, og vegna þess, að þeir töldu nauðsynlegt að málið yrði rétt nánar, gerði Vilhjálmur Kjartansson eftirfarandi uppkast að tillögu: "Aðalfundur Í.R.A. 11. des. 1965 tekur vel í málaleitan Hjálparsveitar skáta, Slysavarnafélagsins og Flugbjörgunarsveitarinnar um samstarf á sviði fjarskipta í leitum og neyðartilfellum. Jafnframt felur fundurinn stjórn félagsins að eiga nánari viðræður við viðkomandi aðila og leggja síðan lokatillögur fyrir félagsfund." Undir þessa tillögu

skrifaði ég auk Vilhjálms, og hætti ég þá jafnframt við að afhenda tillöguuppkast mitt til atkvæðagreiðslu, Tillaga Vilhjálms var síðan borin undir atkvæði og samþykkt.

Samkvæmt þessu hélt stjórn Í.R.A. fund þ. 16. des. 1965. Á þeim fundi voru mættir allir 7 stjórnarmeðlimir í. Í.R.A. auk Gunnars Jóhannessonar og Þorvaldar Mawby. Voru því á fundinum fulltrúar frá öllum 5 fyrrnefndum björgunarsveitum. Málefnið var þar rætt frá ýmsum hliðum, og var eftirfarandi stjórnartillaga síðan samþykkt samhljóða (ath!):

"Stjórnarfundur Í.R.A. haldinn þ. 16. des. 1965 samþykkir að leggja eftirfarandi tillögu fyrir félagsfund Í.R.A. þ. 19. des. 1965:

Félagsfundur Í.R.A. haldinn þ. 19, des. 1965 samþykkir að leyfa fyrir sitt leyti Flugbjörgunarsveitinni. Hjálparsveitum skáta og Slysavarnafélaginu afnot af tíðninni 3505 kc (eða þeirri annarri tíðni, sem áhugamenn kunna að fá leyfi fyrir og nota sem kallbylgju á 80 m sviðinu) í neyðartilfellum og leitum að því tilskildu, að þetta skerði á engan hátt rétt félagsmanna til afnota af tíðninni, og að þeim se heimilað af Landssíma Íslands að skipta við þessar björgunarsveitir á þessari tíðni, enda sækja sveitirnar um heimild þessa í þeim tilgangi fyrst og fremst.

Fundurinn samþykkir ennfremur, að leyfa fyrir sitt leyti morsekunnáttumönnum að prófa sendistöðvar sveitanna á tíðninni, en sem allra minnst og aldrei lengi í einu og alls ekki, ef tíðnin er í notkun af félagsmanni.

Heimild þessi leggur félagsmönnum Í.R.A. engar skyldur á herðar, og störf í þessu sambandi eru algjör sjálfboðavinna.

Fundurinn telur, að félagsmenn geti veitt meiri og fjölbreyttari aðstoð í neyðartilfellum og viðleitir, ef Landssími Íslands sæi sér fært að veita félagsmönnum leyfi fyrir hreyfanlegum stöðvum til lengri tíma en nokkra daga í senn og telur æskilegt, að slík leyfi fáist, helst eitt ár í senn."

Sem fyrr segir var tillaga þessi samþykkt samhljóða á fundinum 16. des.

Á félagsfundi Í.R.A. þ. 19. des. var þessi stjórnartillaga síðan lesin upp af fundarstjóra. Á þessum fundi voru mættir þeir sömu fulltrúar frá björgunarsveitunum 3, sem voru á stjórnarfundinum 16. des. Urðu síðan um málið allmiklar umræður og nokkuð harðar. Þeir Sveinn Guðmundsson og Einar Pálsson voru málinu andsnúnir, en ekki bar á því, að aðrir fundarmenn væru það, en þó virtust Garðar Gíslason og Jón Þ. Jónsson

hafa fengið efasemdir um réttmæti málefnsins. Fram komu tvær frávísunartillögur á stjórnartillöguna, önnur frá Sveini, hin frá Einari. Báðar voru tillögur þessar felldar. Síðan kom fram tillaga frá Jóni Þ. Jónssyni, formanni Í.R.A., um, að málinu yrði frestað þar til fyrir lægi skrifleg beiðni frá björgunarsveitunum og málin hefðu verið rædd við Póst og síma. Þessi tillaga var samþykkt.

Á stjórnarfundinum þ. 16. des., þar sem Jón Þ. Jónsson, formaður, var fundarstjóri, kom það fram, að búið var að ræða málið við Póst og síma, eins og minnst var á hér í upphafi, og það kom ekki fram að skriflegrar umsóknar væri þörf. Þó var minnst á skrifleg tilmæli í tillöguuppkasti mínu á aðalfundinum, og ef það uppkast hefði verið borið undir atkvæði og samþykkt, hefði skriflegrar umsóknar sveitanna að sjálfsögðu verið aflað fyrir félagsfundinn 19. des. Ekki var minnst á skriflega umsókn í tillögunni sem samþykkt var á aðalfundinum 11. des. né í stjórnartillögunni frá 16. des. Er því athyglisvert, að skrifleg umsókn var allt í einu nauðsynleg talin á fundinum 19. des., þegar vitað var, að ekki voru tók á að afla hennar í tæka tíð frá stjórnnum björgunarsveitanna. Þar að auki voru fulltrúar allra sveitanna viðstaddir fundinn, svo ekki þurfti að véfengja það, að óskað var eftir samvinnu við Í.R.A. Það verður því að mínun dómi að skoða þetta málþöf þannig, að Í.R.A. hafi sýnt MJÖG takmarkaðan áhuga á að veita björgunarsveitum virka aðstoð, og er það illa farið. Enginn mun efa það, að þessu hafi ráðið ötul framganga þeirra Sveins og. Einars.

Rétt er að geta þess, að ástæðan til þess að nauðsynlegt var að hraða þessum nálum svo mjög var sú, að hin umfangsmikla leit að Jóhanni Löve, lögreglumanni, var þá tiltölulega nýafstaðin og öllum í fersku minni. Þá kom mjög greinilega í Ljós það sem ég hef varað menn við í undanfarin 8 ár, að fjarskipti leitarflokka eða bíla geta brugðist illilega, ef starfsemin byggist ekki á meira en einni tíðni eða tveimur, þar sem í vantar algjörlega tíðni, sem fyrirfram er augljóst að mundi í mörgum tilfellum gefa mun betri raun. Bezt var því að sækja um þessa heimild áður en of langt væri liðið frá leitinni að Jóhanni Löve, og menn færu e.t.v. að gleyma hinum ápreifanlegu og bagalegu göllum fjarskiptanna. Þessir gallar kona yfirleitt ekki fram í venjulegun æfingaferðum björgunarsveita, sem nær undantekninga-lausst fara fram að degi til, og þá oftast nálægt byggð.

Eins og oft kom fram í umræðum um umsókn björgunarsveitanna, þá var langsamlega fyrirhafnarminnst að

nota tíðnina 3505 kc í umræddum tilgangi, og þar margt til. Mikill áhugi er fyrir hendi hjá nokkrum félagsmönnum í.R.A. til þess að aðstoða björgunar-sveitirnar. Flestir þeirra félagsmanna, sem eru virkir á 80 m sviðinu, eru í þessun hópi. Verulegur hluti þeirra á aðeins krystalstýrð senditæki og mjög fáa krystalla, en allir eiga samt krystal fyrir 3505 kc. Sú tíðnl er ekki sérlega mikið trufluð af erlendum stöðvum miðað við aðrar tíðnir í 80m sviðinu, en er þó innan þess, og þarf því ekki annað en heimild Landssímans til þess að félagsmenn megi skipta við björgunarsveitir á tíðni, sem þeir þegar hafa leyfl fyrir.

Einar Pálsson kom með þá uppástungu síðar, hvort ekki mætti fá tíðnina 3555 kc til þessara nota. Því miður er sú tíðni, og aðrar þar í kring, þéttsetin af talþjónustu danskra skipa við Grænland, sem trufla mikið, Jafnvel um dagtíma. Auk þess er bandbreidd talstöðvarloftneta á bílum ekki nema tæp 15 kc og þarf því í mörgum tilfellum að skipta um spólu í loftnetum bíla hjá þeim félagsmönnum í.R.A. sem hafa talstöðvar í bílum, en þeir gætu einmitt veitt björgunarsveitunum ómetanlega aðstoð. auk þess þurfa þeir tvo auka-krystalla (og aukastöðu á skiftara) ef viðtækið er krystalstýrt.

Ekki þurftu félagsmenn að óttast ofnotkun björgunarsveitanna á tíðninni 3505 kc. Í flestum neyðartilfellum og leitum, sem ekki eru ýkjarmargar á ári, hefði þessi tíðni alls ekki verið notuð, heldur aðrar tíðnir sem björgunarsveitirnar hafa, t.d. 2790 kc. Þetta kom einnig skýrt fram í umræðunum á fundinum 19. des. Notkun tíðinnar 3505 kc var aðeins hugsuð sem lokaúr-ræði ef allt annað brygðist, vegna slæmra radíóskil-yrða. Þá getur legið líf manna við að samband náist.

Vegna starfsemi amatöra er 3505 kc ekki "dauð" tíðni, sem kallað er, en það mega neyðartíðnir helzt ekki vera. Þetta var ástæðan til þess, að ákveðið **var** á alþjóðavettvangi að tíðnin 2182 kc skyldi ekki aðeins vera neyðartíðni, heldur einnig kalltíðni skipa, sem þau nota af smáu tilefni, t.d. fyrir samtalsbeiðnir. Sama máli gegnir um 500 kc og skeyta afgreiðslubeiðnir. Þetta var ákveðið af mönnum sem litu raunhæft á hlutina. Þrátt fyrir það, að óskaplegt QRM er oft á þessum tíðnum, þá þótti þetta betra, en að hafa neyðar-tíðnirnar að mestu hreinar, en þar með "dauðar". Á 3505 kc er hlustað töluvert af ýmsum félagsmönnum í.R.A. og öðrum áhugasömum mönnum á Íslandi, einmitt vegna þess að þetta er ekki dauð tíðni. Þetta gæti vel orðið einhverjum leitarflokki ómetanleg hjálp, ef samband næðist ekki öðruvísi, sérstaklega þegar haft er í huga, að hlustað er á þessari tíðni víðar en í Rvík.

En radióskilyrðin geta verið mjög mismunandi í mismunandi landshluta hverju sinni.

Einar Pálsson stakk einnig UPP á því að björgunar- sveitirnar attu að krefjast þess af Landssíma Íslands að Gufunesstöðin yrði látin annast þessi viðskipti, á einhverri tíðni t.d. nærri 80 m sviðinu. Ekki mun vera til eitt loftnet í Gufunesi, sem heppilegt er til þessara viðskipta. Við Gufunesstöðina eru rafmagns- truflanir á þessu bylgjusviði að jafnaði um 10 decibel meiri en í meðal íbúðarhverfi innan Reykjavíkurborgar, vegna áburðarverksmiðjunnar og/eða háspennustrengja (loftlínur), sem umkringja stöðina í stuttri fjarlægð. Sumir háspennustrengirnir eru á lóð stöðvarinnar. Loft- net þau, sem helzt koma til greina í þessu sambandi og væru bezt af þeim, sem þar eru, liggja sem bezt við móttöku á umræddum truflunum, en verulega illa við móttöku á merkjunum. Föst stefnuloftnet í stefnu suð- austur eða vestur, fyrir lág horn og lárétt póluð merki koma að sjálfsögðu varla til greina, því þau útiloka þessi merki enn meir. Um önnur loftnet mun ekki vera að ræða. Auk þessa er tækjabúnaður stöðvarinnar þannig gerður, að óraunhæft er að gera ráð fyrir betri suð- tölum (noise factor) en ca. 15 decibel, en slíkt kæmi að vísu ekki að sök í návist sterkra rafmagnstruflana, á meðan þær eru fyrir hendi.

Einar Pálsson stakk einnig upp á því, að félagsmenn Í.R.A. gætu aðstoðað með því að UPP væri sett góð stöð í Reykjavík, sem félagsmaður eða menn gætu farið í, til viðskipta við björgunarsveitir á tíðni, sem úthlutað væri til þess, utan tíðnisviða amatöra. Að sumu leyti er þetta góð hugmynd. En væri sú stöð alltaf í lagi, þegar grípa þyrfti til hennar, eftir kannske eins árs hlé? Loftnetin uppi? Menn þyrftu að vera fljótir að fara þangað, þegar venjulegu tíðnir björgunarsveitanna bregðast, kannske skyndilega. Eða ættu menn að bíða aðgerðalausir við stöðina allan tímann meðan sérhver leit stendur yfir og björgunarsveitirnar eru að nota sínar venjulegu tíðnir? Tíðni stöðvarinnar yrði a.m.k. "dauð" tíðni (mjög sjaldan notuð) og óvíst að allt sé þá í lagi þegar skyndipörf krefur. En tæki og loftnet félagsmanna heima hjá þeim eru yfirleitt í lagi vegna sífelldrar notkunar og viðhalds, þau eru mörg. Því félagsmenn eru margir, tíðnin 3505 kc er lifandi tíðni í daglegri notkun, og margir hafa hlustvörð þar, þótt menn nenni ekki alltaf að svara CQ, köllum. Einnig er þægilegast að nota hver sína eigin stöð. Sumir félags- menn eru staðsettir utan Reykjavíkur, en það veitir mjög mikið öryggi í slæmum radióskilyrðum.

Alþjóðlega er 80m amatörsviðið einnig ætlað öðrum þjónustum en amatörum, þar á meðal einmitt farstöðvum. A.m.k. tveir íslenskir aðilar nota nú tíðnir innan sviðsins 3500-3550kc, svo ekki sé minnst á hinn hluta 80m sviðsins. Þessir aðilar deila því tíðnum með ísl. amatörum.

Það kom oft fram í umræðunum um þessi mál, að aðstoð sú, sem amatørar geta veitt björgunarsveitum með tækjum sínum, þótt á amatörtíðnum sé, væri alveg í sama anda og starfsemi amatöra í öðrum löndum. Hér fara á eftir nokkrar tilvitnanir í ýmsa kafla úr reglugerðum, handbókum, bréfum o.fl., sem snerta þessi mál:

Í bréfi Í.R.A. til Landssímans dags. 6. feb. 1964 segir orðrétt: "... er áhugi á því að fá alnennt heimilað, að stöðvar yrði starfræktar utan heimilisfangs. Tilvera slíkra hreifanlegra stöðva, sem væru í starfhæfu ástandi, gæti enn fremur undir vissum kringumstæðum orðið til gagns, t.d. við neyðarþjónustu, enda þótt um slíka þjónustu hafi ekki verið að ræða til þessa." Bréfið er undirskrifað af Sveini Guðmundssyni.

Í bréfi Ragnars Otterstad, LA5HE, til amatöra, í feb. 1964, þar sem aðstoðar amatöra er óskað vegna fjar-skipta við 12 manna norðurlandsleiðangur, LI2C, segir svo: "Það ætti ekki að þurfa að leggja áherzlu á þýðingu góðra fjarskiptasambanda við leiðangurinn, og hvaða þýðingu það hefur fyrir amatörstarfsemina í augum almennings." Þar segir ennfremur, að reynt verði að hafa samband beint til Noregs frá leiðangrinum, en síðan segir: "Rádióskilyrði geta komið í veg fyrir að við náum sambandi. Amatörar um heim allan eru því vinsamlegast beðnir að aðstoða okkur hvenær sem þörf krefur, með QSP." Tíðnir leiðangursins voru: 7015, 7045, 14000, 14115, 14120 og 14540 kc. Þessi 12 manna leiðangur átti um tíma að vera skiptur í 4 flokka með kallmerkin LI2C, LI2C/2, LI2C/3 og LI2C/4. Ekki veit ég hvort hafðir voru 4 amatörleyfishafar meðal þessara 12 manna, en leiðangurinn var ekki amatörleiðangur, heldur var hann farinn á vegum Hr. Björn Staib's, nokkurra dagblaða og "The National Geographic Society" U.S.A.

Ég vil skjóta því hér inn í til samanburðar, að helztu radiómenn björgunarsveitanna þriggja eru Vilhjálmur Kjartansson, TF3DX, Gunnar Jóhannesson. TF3GU, og Þorvaldur Mawby, sem einnig er félagsmaður í Í.R.A. Þessir menn eru venjulega með í leitun.

Í amatörkeppni, sem Ítalir efndu til í sambandi við Christopher Columbus hátíðina í Genoa á Ítalíu í október 1964, voru veitt þrenn verðlaun:

a) "til amatöra, sem hafa veitt sem mesta framúrskar-

andi þjónustu á sviði mannúðarmála, með notkun á amatörtækjum."

b) "til amatöra - atvinnumenn útilokaðir - sem hafa skarað fram úr á tæknisviðum fjarskiptanna."

c) "til þeirra, sem, unnu keppnina "Columbus contest" (9. til 11. okt. 1964)."

Ég hefi frétt að verðlaunin fyrir a) hafi hlotið Júgóslafneskur amatör, sem veitti mikla aðstoð í stórflóðum í Júgóslafíu.

Í norsku amatörreglugerðinni (okt. 1964) segir í grein 18: "Eftir umsókn getur Síamálastjórnin gefið heimild til að stöðin verði notuð til neyðarsambanda í slysatilfellum, til að senda tilkynningar á ípróttamótum o.p.h."

Í finnsku amatörreglugerðinni (sept. 1961) segir: í grein 5, c): "Radióamatör hefur aðeins rétt til þess að hafa radiósambönd við aðrar amatörstöðvar eða tilraunastöðvar, nema þegar um er að ræða öryggi manna eða annað óvænt ástand (emergency, hættuástand). Í ó-venjulegum tilfellum má amatörstöð hafa sambönd við radióstöðvar í öðrum þjónustum, ef Póst- og síamálastjórnin hefur gefið sérleyfi til þess." Sérleyfi þarf því ekki í Finnlandi, til að hafa samband við aðra en amatöra (og tilraunastöðvar), ef um er að ræða öryggi manna eða annað óvænt ástand. Auk þess er ekkert ákvæði í alþjóðareglugerðum, sem bannar amatörum að skipta við stöðvar, sem ekki eru amtörstöðvar.

Í ARRL handbókinni 1956 segir í kafla I:

"..... Amatörar hafa unnið sér þakklæti þjóðarinnar fyrir hetjustörf sín í neyðartilfellum og náttúruhamförum. Fyrir atbeina samtaka sinna hafa amatörar samkomulag um samvinnu við stofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar og Rauða krossinn. Amatörstarfsemin er vissulega stórkostlega gagnleg stofnun.

Þó að hún sé jafngömul og radiótæknin sjálf, þá naut hún ekki alltaf þeirrar virðingar. Fyrstu áhugamenn hennar voru tilraunagjarnir borgarar, sem gáfu ímyndunaraflinu lausan tauminn, þegar Marconi fyrstur sannaði, að hægt var að senda þráðlausar sendingar.

"Það sem amatörar hafa afrekað í opinberri þjónustu, er stórkostleg viðurkenning á starfsemi þeirra. Þau störf skiptast aðallega í tvennt, leiðangrar og hættuástand (emergencies)..."

Sagt er frá mörgum vissum tilfellum þegar amatörar aðstoðuðu í jarðskjálftum, flóðum og fellibyljum, og síðan segir: "Í þessum slysum (disasters) og mörgum fleiri - stormsveipum, slagviðrum, skógareldum og hríðarbyljum - áttu amatörar mikinn þátt í líknarstarfseminni og unnu sér víðtækt hrós fyrir góð úrræði í

fjarskiptamálum, þegar allar aðrar aðferðir brugðust. Árið 1958 stofnaði ARRL nýtt skipulag til viðbúnaðar í viðlögum, með því að skrá starfsfólk og tæki í hjálpar- sveit sína í viðlögum (Emergency Corps) og með því að stofnsetja umfangsmikla áætlun um samstarf við Rauða krossinn, og 1947 var ráðinn til ARRL skipulagsstjóri hjálparstarfseminnar um landið allt, og hafði hann það að aðalstarfi.

Hin framúrskarandi skipulagða undirbúningsstarfsemi amatöra vegna fjarskipta í viðlögum og starfshæfni þeirra við erfiðar aðstæður hefur ráðið mestu um ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að gefa út sérreglur og ákvarða sérstakar tíðnir fyrir amatöra við varafjar- skiptasambönd fyrir almannavarnir á stríðstímum. Undir nafninu "Radio Amateur Civil Emergency Service" (Almannaþjónusta amatöra í viðlögum, skammstafað RACES) eru amatörar að stofna og útvega starfslið fyrir svæðiskerfi í samvinnu við starfsemi almannavarna bæjarog sveitarfélaga."

Og enn segir: "Einn aðaltilgangur ARRL er að sjá um, að starfsemi amatöra sé svo vel rekin, að þeir haldi áfram að réttlæta tilveru sína. Starfsemin býður þeim, sem hana stunda, endalaus skemmtun og fullnæju. Starfsemin krefst líka ábyrgðar, að ströngum kröfum sé fullnægt, að halda tryggð við hefðir sínar, að helga sig takmarki sínu og reglum sínum, svo að amatörar sem heild geti haldið áfram að starfa "í opinberri þágu í aðstoðar og nauðsynjamálum".

Í kafla 24 ("Operating a Station") segir, undir fyrirsögninni "Emergency Communication" :

"Þýðingarmesta þjónusta amatöra til almenningsheilla, sem gerir amatöra þar með til góðs fyrir þjóðfélagið, er með undirbúningi að og þátttöku í fjarskiptasamböndum í viðlögum." ...

Síðar segir: "Amatörar á hverju svæði, sem taka þátt í þessari starfsemi á svæðinu, eru meðlimir í "The Amateur Radio Emergency Corps" (Hjálparsveit amatöra í viðlögum, skammstafað AREC). Allir amatörar eru hvattir til að láta skrá sig í AREC." ...

Enn segir: "ARRL gefur út bækling, sera nefnist "Emergency communications" (fjarskipti í viðlögum). Þótt hann sé smár, inniheldur hann miklar upplýsingar um skipulag og starfsemi AREC. og er ómetanlegur fyrir hvern amatör, sem tekur þátt í starfsemi almannavarna eða í viðlögum. Hann fæst ókeypis handa meðlimum AREC og ætti að vera til hjá öllum amatörum." ...

Enn segir: "Til þess að vera við öllu búinir, hafa FCC (síamálastjórn Bandaríkjanna) og FCDA (stjórn almanna- varna í Bandaríkjunum) kunngjört þjónustuna RACES

(sem var nefnd hér að framan, höf.) í samvinnu við ARRL. RACES er bráðabirgðaþjónusta á friðartímum, fyrst og fremst vegna almannavarna og ætlað til að starfa áfram á hættutímum, t.d. í stríði. RACES notar viss tíðnisvið sameiginlega með hinni venjulegu amatörstarfsemi, þannig að hvorugur útilokar annan. (Undirstrikun höf.) Reglurnar fyrir RACES eru orðnar hluti af amatörreglugerðinni.".....

Síðan segir: "Í styrjöld munu almannavarnir treysta mjög á RACES til fjarskipta. RACES er amatörþjónusta. Framkvæmd þess eða starfsemi byggist eðlilega á AREC, er aukastarfsemi á friðartímum, en sennilega eina starfsemin á stríðstímum."

Í ARRL bæklingnum "Operating an Amateur Radio Station" 1952, stendur í kafla II:

"Amatörstarfsemin er til sem tómsundastarfsemi vegna þess að hún er viðurkennd sem þjónusta." . "Þótt aðstæður séu mismunandi í hverju tilfalli, þá er það okkur (amatörum) í hag að vera allir meðlimir í AREC, í allskonar amatörstarfsemi í viðlögum." ...

Nr. 6 í heiti amatöra (The Amateur's Code): "Amatör sýnir þegnskap. Þekking hans og stöð hans eru alltaf til reiðu í þjónustu landsins og bæjarfélagsins."

Á öftustu kápusíðu segir um RACES: "Þessi þjónusta notar eftirtalin tíðnisvið innan (undirstrikun höf.) núverandi amatörtíðnisviða:

1800 2000 kc (Með núverandi takmörkunum)

3500 3510/3990 4000 kc.

28,55 28,75/29,45 29.65 mc.

50,35 50,75/53,35 53.75 mc.

145,17 145.71/146,79 147,33 mc.

220 225 mc,

1750 1800 kc (slysafjarskiptaþjónustan)

RACES þjónustan er bráðabirgðaráðstöfun, og hættir þegar eðlilegt ástand skapast. Hún hefur engin áhrif á núverandi reglugerðir sem snerta amatöra. Tíðnirnar fyrir RACES eru notaðar með venjulegu amatörþjónustunni unz

Um skilyrði til að mega starfrækja sendistöð í sambandi við RACES segir: "Þeir sem hafa viss FCC leyfi mega starfrækja stöð í RACES." ...

Yfirmenn fjarskipta almannavarna á hverjum stað verða að vera annaðhvort amatörar, eða hafa fyrsta eða annars flokks loftskammtamanspróf. Þeir þurfa því ekki að vera amatörar.

Eftirfarandi er þýðing á meginhluta af ræðu Herbert Hoover's Jr., formanns ARRL, sem hann flutti á ráðstefnu amatöra í Washington D.C. , 1. sept. 1965. Ég tel að hún elgi erindi til allra amatöra.

...."Hvort sem okkur, 250.000 leyfishöfum í Banda-
ríkjunum líkar betur eða verr, þá hefur land okkar
aðeins eitt atkvæði á alþjóðaráðstefnu, og það er engu
stærta en atkvæði hvaða annars lands sem er, þegar
atkvæði eru talin.

Fyrsta alþjóðaráðstefnan sem úthlutaði stuttbylgjum
var haldin í Washington 1927. Amatörstarfsemin var þá
viðurkennd í fyrsta sinn sem fullgild fjarskipta-
þjónusta, fyrir atkvæðamikla framgöngu fulltrúa okkar
undir stjórn Hiram Percy Maxim. Þetta tókst, þrátt
fyrir mikla andstöðu margra annarra landa, sem vildu
virða amatörstarfsemina einskis, eða í mesta lagi kalla
hana tómstundatilraunir. Skoðun Bandaríkjanna var sú,
að amatörar hefðu starfað "í opinberri þágu í aðstoðar-
og nauðsynjamálum"; að þeir væru færir í starfsemi
sinni, og að skerfur þeirra á tæknisviðinu hefði svo
geysimikla þýðingu, að réttlátt væri að telja starfsemi
þeirra til "þjónustu".

Þetta í sjálfu sér tryggir okkur ekki neina úthlutun
á tíðnum. Við verðum að berjast eins mikið fyrir þeim í
framtíðinni eins og áður - og þó sennilega miklu meir.
En það auðveldar okkur verkið að staða okkar er viður-
kennd.

Á þeim ráðstefnum, sem eftir fylgdu, héldu Bandaríkin
áfram að styðja amatörþjónustuna, og í hvert sinn fengu
þau nægan stuðning annarra landa - sérstaklega Canada -
til þess að fá meirihluta. Þó komu fram margar til-
lögur, sem hefðu stórminnkað eða tekið burt amatörbönd
okkar, ef þær hefðu náð fram að ganga. Þessi stefna mun
sennilega eflast mjög í framtíðinni, eins og ég mun
sýna fram á.

Í næstu ráðstefnu, sem getur orðið eftir þrjú til
fimm ár (1966-68, höf.), er búizt við þátttöku meira en
100 þjóða, og allar hafa jafnan atkvæðisrétt. Um
þrjátíu lönd hafa komið til skjalanna sem nýjar þjóðir
eftir síðustu ráðstefnu 1959, og þetta verður í fyrsta
sinn sem þær taka þátt í slíku. Flestar þeirra eru
meðal hinna ört þróandi ríkja Afríku.

Auk þeirra eru 30 eða 40 eldri þjóðir, sem einnig
hafa litla eða enga amatörstarfsemi. Athyglisvert er,
að frá þeim hafa komið margar tillögur til höfuðs
amatörstarfseminni, á undanfórnum ráðstefnum. Allar
þjóðirnar, í báðum þessum flokkum, eiga við fjarskipta-
vandamál að glíma, sem þær telja miklu þýðingarmeiri en
að sjá fyrir amatörþjónustu. Það er einfalt dæmi, að
þessar þjóðir eru í verulegum meirihluta.

Næsta ráðstefna mun einnig hugsa mest um stuttbylgju-
sviðið - 3 til 50 mc. Það er þar sem mestar truflanir
eru milli stöðva, og þar eru líka dýrmætustu

amatörbönd okkar.

Kröfurnar um fleiri stuttbylgjutíðnir eru miklu háværingu en áður. Nærri öllum nýrri þjóðunum - og mörgum þeirra eldri líka - finnst þær hafa mjög mikla þörf fyrir aukio stuttbylgjuútvarp. Þær eru mjög stoltar af nýfengnu sjálfstæði sínu, og þær vilja segja frá mannkostum sínum, heimspeki og draumum í útvarpi um allan heim. Þær halda að aragrúi hlustenda vilji ákaft heyra frásagnir þeirra, ef aðeins væri hægt að finna hreina tíðni. Til allrar óhamingju eru allar útvarpstíðnir, sem ráðstefnan 1959 úthlutaði, yfirfylltar, og þær verða að troða sér á aðrar tíðnir þar til næsta ráðstefna breytir úthlutun þeirra þeim í vil, eða það vona þær.

Mest er óskað eftir útvarpstíðnum í sviðinu frá 7 til 22 mc. Í þessu tíðnisviði vilja þessar þjóðir einnig fá fleiri tíðnir fyrir viðskipti í þágu verzlunar og utanríkisþjónustu.

Þær hafa, líka fjarskiptavandamál innanlands. Vegna dreifbýlis eru símalínur óhóflega kostnaðarsamar, og radiósambönd í tíðnisviðinu 5 til 7 mc koma helst til greina. Ef tíðnirnar eru í notkun - sem oftast er - þá er sem fyrr; farið er á næstu auðu tíðni sem fyrir finnst.

Ýmsar stöðvar hafa nú þegar troðið sér upp á okkur. Það munu aftur verða samantekin ráð að ná af okkur flestun - jafnvel öllum - amatörböndunum. Ekki gera allir sér grein fyrir þessu, a.m.k. ekki allir amatórar. Við skulum ekki láta blekkjast, því nú verða nógu mörg atkvæði til þess að þetta verður afar erfitt viðfangs.

Á næstu ráðstefnu er lítið sem við getum gert beinlínis, sem amatórar. Stjórnir landanna sitja ráðstefnurnar, og þótt ARRL og IARU hafi fulltrúa á þeim, þá erum við aðeins lítill hluti af heildinni.

Niðurstaðan veltur á tvennu: (1) skoðunum litlu þjóðanna sem finnst þær hafa geysilega þörf fyrir fleiri tíðnir. en atkvæði þessara þjóða munu ráða úrslitum; og (2) því, hversu vel amatörböndin verða varin af stjórn okkar lands og af stjórnnum annarra landa, þar sem verulegri amatörstarfsemi hefur verið haldið uppi.

Afstaða nýrri og minni þjóðanna mun fara mest eftir eigin hagsmunum þeirra. Þær munu ekki taka eins mikið tillit til sögulegra afreka amatörstarfseminnar, eins og til þess gagns sem amatórar geta unnið þeim í fram-tíðinni.

Ef við spyrjum sjálfa okkur nokkurra spurninga, þá gæti það hjálpað okkur til að segja fyrir hvað þær

muni gera. Hafa stjórnir þeirra t.d. þá hugmynd um dagleg not okkar á amatörböndunum, sem við vildum að þær hefðu? Sýnum við fulla hæfni okkar til að þjóna almenningi? Reynum við að bæta okkur tæknilega séð, og fylgjast með framförum í fjarskiptum? Hefur amatörstarfsemin sínar alvarlegu hliðar, eða er hún fyrst og fremst tómstundagaman? Svörin við þessum spurningum og öðrum svipuðum (mörgum) mun ráða mestu um það hvað verður um amatörstarfsemina á næstu árum.

Nokkrir hæfir og alvörusinnaðir amatörar í stjórn landsins og öðrum háum stöðum eru svartskýrnir á niðurstöðuna, ef svo heldur áfram sem nú stefnir. Þeir halda, að það sé mikill möguleiki á því að við töpum öllum eða miklum hluta af beztu böndum. okkar. Ef sterkar atvinnu- (commercial) og útvarpsstöðvar koma enn meir inn á þau amatörbönd, sera eftir kynnu að verða, myndi það draga mikið úr notagildi þeirra.

Ástand þessara mála hefur skýrzt á síðasta ári (1963, höf.). Niðurstaðan fer að miklu leyti eftir því hvað við, sem amatörar, getum gert til þess að gera hreint fyrir eigin dyrum áður en líður að næstu ráðstefnu.

Hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá er litið til okkar eftir fordæmi fyrir amatörstarfsemi allsstaðar. Nægileg ástæða til þess væri það eitt, að við höfum 250.000 leyfishafa af 550.000 í allri veröldinni. En þar að auki eru radiómerki okkar enn meir áberandi en þessar tölur gefa til kynna, vegna þess hvað við höfum mikla orku og stór loftnet. Þetta leggur okkur ábyrgð á herðar, sem við getum ekki umflúið. Amatörar í Bandaríkjunum verða að setja fordæmið og hafa forustuna, hvort sem erlendur amatör leitar til okkar, eða erlend stjórn öfundar okkur af tíðnum okkar. Þetta er alvörúnál, og eina niðurstaðan er sú, að strax á næstu árum verðum við að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að bæta amatörþjónustuna verulega.

Þetta á jafnt við heima fyrir, því að ef árangur á að nást á næstu ráðstefnu, þá þörfnumst við mikils stuðnings **af** heilum hug hjá Bandarískum stjórnarvöldum.

Amatörar hafa lagt til víðtækan og verulegan skerf í framförum á radiótæknisviðinu. Við höfum verið ómissandi uppspretta þjálfaðra manna á hættutímum hjá þjóðinni, og starfsemi okkar við staðbundin slys hefur verið ómetanleg þjónusta við almenning. Það er til margvísleg önnur amatörstarfsemi meir en hér er hægt að nefna sem einnig hefur verið mjög verulegt tillag til almenningsheilla.

Það er enn önnur hlið á amatörstarfseminni tóm

stundahliðin - sem veitir þeim mikla ánægju og gaman, sem verulegan þátt taka í henni. Þar gefst tækifæri til að tala við gamla vini og líka eignast nýja. Margir okkar hafa ánægju af samböndum við fjarlæga staði, eða þátttöku í keppni. Og síðast en ekki sízt, í amatörstarfseminni eru hin sameiginlegu áhugamál sem auka á vináttu manna innan félagsskaparins.

Allir virðum við tómsundahlið amatörstarfseminnar mjög mikils. En við megum aldrei gleyma því, að skemmtun og gaman er ekki ástæðan til þess að við höfum amatörbönd okkar í dag. Það eru til aðrar mikilvægar þjónustur sem hafa mjög raunhæfa þörf fyrir fleiri tíðnir. Við gleymum þessu of auðveldlega, er við sökkuvum okkur niður í hinar skemmtilegu og mörgu hliðar amatörstarfseminnar.

Skemmtilegu hliðar amatörstarfseminnar eru til af því að búið er að vinna gott verk í alvarlegri störfum hennar. Það er til svo mikið úrval af gagnlegum störfum, að oft er erfitt að greina á milli skemmtunar og alvöru. Þetta verður hver og einn að eiga við sína samvizku. En við megum ekki láta aðra um að vinna alvarlegu störfin, ef við ætlumst til að fá að halda amatörböndum okkar framvegis.

Gott dæmi um þetta er "Citizens" bandið, sem yfirvöldin hafa haft miklar áhyggjur af upp á síðkastið. Það var upphaflega ætlað fyrir margskonar viðskiptastarfsemi og einkasambönd, en smám saman var það tekið í notkun af þúsundum einstaklinga sem fannst talstöðvarsamtöl vera einkar skemmtileg tómsundaiðja. Truflanir af þessum völdum eru orðnar svo miklar, að upphaflega tilganginum varð ekki náð, og FCC er nú að hugleiða algjöra endurskoðun á þessum úthlutunum. Amatörstarfsemin ætti óneitanlega að láta sér þetta að kenningu verða.

Háttsettur starfsmaður FCC. sem einu sinni var starfandi amatör, sagði nýlega í ræðu, að Citizens bandið "hefði alla slæmu kostina við amatörstarfsemina, en enga af þeim góðu". Þetta er íhugunarvert, sérstaklega með tilliti til þess hver sagði það.

Með allt þetta fyrir augum er gagnlegt að hugsa aftur um það af hverju við höfum þær tíðnir sem við nú höfum. Amatörböndin voru fengin okkur, en ekki öðrum nauðsynlegum þjónustum, vegna þess að það var álitid vera hagur þjóðarinnar í heild. Tilgangurinn var sá, að mynda hóp af tæknilega hæfum og vönum loftskammtöllum; sem myndu taka framförum með radiótækninni, og ef hægt var, að leggja verulegan skerf til áframhaldandi framfara innan hennar; og sem myndu vera virkir þátttakendur í starfsemi til almenningsheilla. Þessar skilgreiningar koma fyrir hvað eftir annað á þeim stöð

um þar sem tilvera okkar í heimalandinu er réttlætt, lagalega séð. Það er svo fyrst og fremst á þessum grundvelli sem stjórnarvöld landsins geta stutt okkur á alþjóðavettvangi." ...

Til þess að styrkja aðstöðu amatöra á alþjóðavettvangi, sbr. þessa ræðu formanns ARRL, hefur ARRL gert áætlun, sem miðar að bættri starfsemi amatöra. Þessi áætlun nefnist:

"Áætlun ARRL:

- til að nýta betur tíðnisvið amatöra
- til aukinnar tæknunnáttu amatöra
- til áhrifameiri starfsemi í opinberri þágu í aðstoðar og nauðsynjamálum

Þessi áætlun er í 8 liðum, en liður nr. 5 hljóðar þannig: "Að sameina AREC og "the National Traffic System" og gera úr því "Amateur Radio Public Service Corps" (einskonar "opinber þjónusta amatöra"), sem mundi verða áhrifamest í opinberri þágu." ...

Á félagsfundinum 19. des. óskaði Einar Pálsson eftir svohljóðandi sérþóknun:

Sérþóknun Einars Pálssonar

"Ég tel tillögu stjórnarinnar hættulegt spor í þá átt, að öðrum en radíóamatörum verði leyfð not af tíðnum, sem amatörar eftir mikið erfiði hafa fengið handa sér.

Vitandi er, að fyrir dyrum stendur alvarleg árás á tíðnisvið amatöra, og jafnvel talið í vafa, að amatörar fái haldið öllum þeim tíðnum, sem þeir í dag hafa. Verður því aldrei of vel brýnt fyrir öllum amatörum að gæta fyllstu varúðar í meðferð tækja sinna og forðast að blanda óskyldum þjónustum við amatörstarfsemina. Skora eg því á stjórn Í.R.A. að fella niður þetta mál."

Frávísunartillaga Einars á sama fundi, sem fyrr var nefnd, hljóðar þannig:

"Dagskrártillaga

Þar sem fundurinn telur málið óviðkomandi hinni raunverulegu starfsemi radíóamatöra, verði tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Einar Pálsson."

Menn beri nú þetta saman við ræðu formanns ARRL og við aðrar tilvitnanir hér að framan. Í öðrum löndum er amatörstarfsemin greinilega ekki talin "óskyld" né óviðkomandi" björgunar öryggis og velferðarmálum.

Amatörstarfsemin var fyrst leyfð af íslenskum yf-

irvöldum miklu seinna en í flestum menningarlöndum (öðrum) og um 35 árum seinna en í Bandaríkjunum. Þetta sjónarmið, að líta á amatörstarfsemina sem gagnslausan leikaraskap, hefur sjálfsagt ráðið því.

Eigum við að láta fara eins fyrir amatörböndunum eins og fór fyrir "Citizens" bandinu í Ameríku? Það getur farið illa, ef amatörstarfsemin er 100% leikaraskapur, þegar þörfin fyrir nýjar tíðnir handa öðrum þjónustum er mikil. Leikaraskapurinn var ástæðan til þess, að fyrir "Citizens" bandinu fór sem fór í Ameríku. Við höfum ekki nema brot af 80 metra sviðinu. En það er einmitt vegna samstarfs um björgunar og öryggismál og annað til almenningsheilla, sem amatörar í öðrum löndum hafa haldið sínum sess og sínum tíðnum. Þeir hafa þessvegna fengið að stunda leikaraskapinn að auki. Okkur er hollt að minnast þessa, og ættum við því að grípa það fegins hendi, þegar okkur býðst samstarf, sem þetta, við björgunarsveitir, sem hafa amatöra innan raða sinna, þótt þeir séu nú engan veginn nógu margir til þess, að þeir einir geti starfrækt stöðvarnar. Sérstaklega ættum við að vera því fegnir, að fyrirhuguð var tíðni innan okkar tíðnisviðs. Það tíðnisvið myndi þá verða tekið frá okkur síðast allra.

Ég hef sleppt tilvitnunum í þá mörgu kafla í ARRL handbókinni, þar sem sagt er frá þeim mikla skerf tækniframfara í fjarskiptum, sem hlotizt hefur af amatörstarfseminni. (Það voru raunar amatörar sem uppgötvuðu gagnsemi stuttbylgjanna, þegar opinberlega hafði verið lýst yfir því, að bylgjur undir 200 metra bylgjulengd væru fánýtar.)

Eiga íslenskir amatörar að vera eftirbátar félaga sinna í öðrum löndum? Væri ekki æskilegt að þeir gætu líka gert landi sínu eitthvað gagn með starfsemi sinni? Það yrði vissulega til þess að auka hróður félagsmanna Í.R.A. og styrkja aðstöðu þeirra, en ekki öfugt. Það gæti einnig tryggt, að atkvæði Íslands á næstu alþjóðaráðstefnu um tíðnimál falli amatörum í vil, en atkvæði Íslands jafngildir atkvæðum miklu stærri þjóða, t.d. Bandaríkjana.

Ég lét þetta nægja að sinni, en ég held því miður að þessi málalok gagnvart björgunarsveitunum hafi orðið í.R.A. til lítils sóma.

Carl J. Eiríksson.

VIÐSKIPTI VIÐ HJÁLPARSVEITIR Á 3505

Farið hefur verið fram á, að hjálparveitir fái að nota aðal- kallbylgju íslenskra radíóamatöra til prófana og viðskipta við amatöra. Undirritaður hefur ásamt öðrum, einkum TF3EA, talið rétt að fara varlega í að blanda saman ólíkum viðskiptum, enda óheimilt samkvæmt reglugerðum.

Enda þótt undirritaður hafi sagt greinilega, að honum þyki sjálfsagt að vinna að hjálparstörfum eftir megni, einkum í raunverulegri neyð, er því ekki að leynd, að sumir hafa allt að því móðgast og talið, að gamlir karlar standi öllu fyrir þrifum.

Amatörar hafa víða í heiminum átt því láni að fagna að geta aðstoðað í veikindum eða neyðar-ástandi af ýmsu tagi. Væri ánægjulegt, að við hérna heima gætum gert slíkt hið sama. Sjálfsagt er, að þessu yrði gefinn gaumur, þó ekki yrði byrjað á því að gera vafasama hluti.

Mér hefur virzt, að í þeim löndum, sem slík þjónusta er almennust, væru frjálsari reglugerðir um hreyfanlegar stöðvar. Ennfremur eru t.d. í U.S.A. leyfð viðskipti fyrir þriðja aðila.

Er í rauninni nauðsynlegt að fá rýmkun í reglugerð um bæði þessi atriði áður en nokkuð verði að gert í þessum efnum.

HVAÐ SKAL GERA?

Ég held, að bezta aðferðin til þess að hefja starf á þessu sviði verði sú, að áhugamenn innan ÍRA, sem þátt taka í hjálparveitum hafi

skipulagt samband við félagana sína fyrst um prófanir en síðan um samband við þá, þegar þeir eru í leitarferðum og æfingum.

Mér vitanlega hafur slíkt ekki enn verið gert.

Ég er handviss um, að aðrir áhugamenn munu taka þátt í slíku starfi framur öllu öðru.

Hvað fleira skal gera? Til þess að auðvelda

slíka starfsemi ætti að leita enn frekar á Lands-síma Íslands um að leyfa hreyfanlegar stöðvar og jafnvel leita hófanna um leyfi til þjónustu fyrir þriðja aðila í sambandi við hjálparstörf.

Ég álít, að umfram allt eigi amatörar eingöngu að skipta við aðra amatöra. Sé um slíkt ástand að ræða, sem krefji nota alþjóðlegra neyðarmerkja, aðstoði, hver sem getur í samræmi við reglur, á þann hátt, sem fært er.

UM FÉLAGIÐ OG NOKKUR GRUNDVALLARATRIÐI.

Í félagi voru er að sjálfsögðu rúm fyrir áhugamenn af öllu tagi. Féлага, sem vilja hlusta, smíða, fræðast, gera tilraunir eða læra og vinna að þessum málum.

Radío-áhugamenn eru þó -eða setja mark sitt sem sendi-amatörar fyrst og fremst, og hafa þeir stofnað með sér félag til þess að gæta sameiginlegra hagsmuna eigi síður en áhugamála.

Í dag er ekki sjálfsagður hlutur, að við fáum að nota öldur ljósvakans eins og í upphafi. Til þess þarf leyfi og réttindi. Amatörar þurfa að sýna fram á kunnáttu og leikni.

Sú aðstoð, sem áhugamenn hafa veitt í neyð, þar sem reglur hafa gert slíkt kleift, hefur án efa verið þung á metunum í baráttu fyrir tíðnisviðum á alþjóðlegum ráðstefnum.

Þeir félagar, sem ekki telja sig hafa aðstöðu til þess að tileinka sér þá leikni, sem krafist er af leyfisshöfum radío-amatörstöðva, ættu að sækja um leyfi fyrir þjónustu, þar sem þessarar leikni er eigi krafist. Minnugir þess þó, að leikni radío-amatöra, kemur einnig að gagni við slíka þjónustu. Þessir félagar ættu að sýna þá hæversku að greiða ekki atkvæði í ábyrgum hagsmunasamtökum radío-amatöra, þegar mál eru á dagskrá, sem varða notkun tíðnisviða, sem úthlutað eru til radío-amatöra - í viðurkenningu fyrir dálitla leikni, sem sumir félagar vorir telja sig eigi hafa áhuga á eða getu til að tileinka sér. Þetta er sagt hér vegna skoðana, sem fram komu á síðasta félagsfundum.

Niðurstöður,..... Áhugasamir leyfishafar ættu, eins og áður var bent á, að tala við féлага sína og byggja upp vara fjarskiptakerfi til aðstoðar ef á reynir. Leitarmenn ættu ekki að tínast ef þeir standa í sambandi við féлага sína um allt land,.. með fulla kjallara og þakloft af SSB, CW A3 filter og Q5 krami... með DXCC og önnur skjöl á vegg.

TF3SG, Sveinn Guðmundsson.

3505 KRS

1.

Vilhjálmur Kjartansson.

Það hefur komið rækilega í ljós, við störf björgunar-sveita á landi, að núverandi möguleikar til fjarskipta (tal á 2790 Krs. bílabylgju) eru enganvegin nægilega tryggir, og oft hefur samband fallið alveg niður á vissum tímum sólarhringsins. Það þarf engum að blandast hugur um, að það getur verið um líf eða dauða að tefla, hvort björgunarflokkur á afskekktum stað nær sambandi við umheiminn eða ekki.

Á viðræðufundi sem sóttur var af frammámönnum fjar-skiptamála hjá Hjálparsveit skáta, Flugbjörgunar-sveitinni og Slysavarnarfélaginu s.l. haust, var samþykkt að leggja meðal annars áherzlu á eftirfarandi til að auka öryggi fjarskipta í neyð:

1) Að björgunarsveitinar fái til afnota tíðni, sem er töluvert hærri en 2790 Krs. til að geta nýtt betur "Skywave" möguleika. Æskilegt væri, að það væri ekki dauð tíðni, heldur væri þar í gangi innlend þjónusta sem hægt væri að ná sambandi við.

2) Að auka möguleika á morseviðskiptum, þar eð álitnið er, að sé talsendir notaður á morse-cw (A1) með óbreyttun styrk burðarbylgju, náist aukning á læsileika í slæmum skilyrðum, sem jafngildi því að notuð væri 30 sinnum meiri orka á tali.

Það varð samröma álit fundarins, að ofan nefndum atriðum yrði bezt borgið með því að leita samstarfs við radíóamatöra um afnot af 3505 Krs. og slá þannig tvær flugur í einu höggi. Fá góða tíðni fyrir "Skywave" og fá möguleika á morse viðskiptum við vel þjálfaða menn, sem hafa kunnáttu til að hagnýta sér til fullnustu getu tækja sinna í slæmum skilyrðum.

Á síðasta aðalfundi I.R.A. var borin fram munnleg umsókn um afnot björgunarsveita af 3505 Krs. á grundvelli samstarfs við amatöra. Lögð var áherzla á eftirfarandi:

1) Tíðnin yrði mjög sjaldan notuð af björgunar-sveitunum og aðeins þegar annað bregst.

2) Prófanir og æfingar á tíðninni færu aðeins fram, þegar það truflar ekki viðskipti amatöra, og þær yrðu að öllum líkindum að mestu framkvæmdar af amatörum sem starfa innan björgunarsveitanna.

3) Amatörar yrðu ekki skuldbundnir leggja neitt af mörkum, það færi aðeins eftir getu og áhuga hvers og eins.

4) Áhugi björgunarsveitanna fyrir þessari tíðni sérstaklega er bundinn því, að hægt yrði að hafa viðskipti við amatöra.

Fundarmenn tóku þessari málaleitan mjög vinsamlega, en þó var samþykkt, einkum fyrir tilstilli Einars Pálssonar TF3EA og Sveins Guðmundssonar TF3SG, að fresta afgreiðslu málsins. Samþykkt var, að stjórn I.R.A. héldi fund með fulltrúum björgunarsveitanna til að ræða málið, og skyldi síðan leggja fram tillögu þar að lútandi á félagsfundi sem yrði boðaður vegna þess sérstaklega. Að afstöðnum fundi með fulltrúum björgunarsveitanna var fullkomin eining innan stjórnarinnar um að leggja til, að málaleitan björgunarsveitanna yrði samþykkt. Síðan var haldinn

2.

félagsfundur til að ræða og helzt afgreiða tillögu stjórnarinnar. Tillagan mætti þegar harðvítugri andstöðu fárra manna, og spunnust af miklar og harðar umræður. Sveinn Guðmundsson TF3SG vildi fara hægt í sakirnar og mælti gegn samþykkt að svo komnu máli, en Einar Pálsson TF3EA var á móti því yfir höfuð að þetta yrði samþykkt. Hann mælti með að málinu yrði a.m.k. frestað, og að gefið yrði út blað þar sem allir gætu kynnt sinn málsstað. Þess er því að vænta, að Einar rökstyðji vel í grein sinni ástæðurnar fyrir því, að hann átti meginþátt í að endalok fundarins urðu þau, að málinu var aftur slegið á frest. Þar með stóð allt nákvæmlega í sömu sporum og að afloknum aðalfundi.

Ég hef hér að ofan rakið sögu þessa máls í aðalatriðum, einkum með tilliti til þess, að margir af lesendum blaðsins eru því lítt kunnir, þar sem ofan nefnda fundi sóttu ekki nærri allir félagsmenn. Ég atla nú að gera að umræðuefni nokkur atriði í málflutningi andstaðinga tillögunnar.

1) Það er ekki rétt að hleypa opinberri (commercial) ríðisþjónustu inn á amatörsviðin.

Því er til að svara, að samkvæmt alþjóða samþykktum er 80m. sviðinu og þar með talið 3505 Krs. ekki eingöngu úthlutað amatörum, heldur og líka öðrum fasta-stöðvum og farstöðvum (nema flugvélum). Það sem meira er, þessar "aðrar" stöðvar hafa forgangsrétt.

2) Amatörar geta átt á hættu að missa tíðnina.

Það eru engar líkur til að afnot björgunarsveita af tíðninni geti orðið til þess, þvert á móti. Eins og áður er sagt, byggist óskín á því, að amatörar séu á tíðninni. Samanber næsta lið hér á undan, standa amatörar fremur höllum fæti á þessu tíðnisviði. Hvað gæti fremur orðið til að styrkja aðstöðu þeirra þar, en að þar komi þjónusta, meira að segja nauðsynleg öryggisþjónusta, sem þarf á tilveru þeirra á þessu sviði að halda?

3) Björgunarsveitirnar skulu koma sér upp fullgildum amatörum til að vinna á tíðninni.

Þeir sem eitthvað þekkja til starfsemi björgunar-
sveita sjá að þetta er útilokað. Til að tryggja það að
í hverjum flokki sem er með talstöð og að í hverjum
talstöðvarbíl sé amatör til að starfrækja talstöðina ef
nauðsynlega þyrfti að nota 3505 Krs. þyrfti u.þ.b.
fjórði hver maður að vera amatör. Þessir menn leggja af
mörkum mikla vinnu í störf og æfingar til að stuðla að
auknu öryggi. Það er því ekki til umræðu hvort þeim sé
of gott að leggja á sig að læra undir amatörpróf,
heldur hitt, hvort núverandi amatörum er of gott að
taka saman höndum við þá og leggja sitt af mörkum til
að stuðla að auknu öryggi. Það er augljóst að amatörar
núna eru allt of fáir, sérstaklega þeir sem gætu bætt á
sig verulegri sjálfboðavinnu og æfingum í björgunar-
sveit, til að hægt verði að gera það að skilyrði, að
eingöngu amatörar noti stöðvar björgunarsveita á 3505
Krs.

Ég vil lokum lýsa yfir vonbrigðum mínum á gangi
þessara mála. Ég hafði ekki átt von slíkum viðbrögðum
félaga minna og tel þau ekki í hinum sanna anda
amatöra.

73. TF3DX.

SAMVINNA HJÁLPARSVEITA OG RADIÓAMATÖRA

Öllum radióamatörnum er það óbein skylda að aðstoða
með tækjum sínum og kunnáttu í neyð. En þau tíðnisvið,
sem amatörar hafa til umráða eiga þeir einir að nota.

Samvinna milli hjálparsveita og radió amatöra gæti
byggst á því, að sveitirnar hefðu í þjónustu sinni
amatöra, en þeir hefðu svo sambönd við aðra amatöra á
amatörbylgjum. Þá þyrfti aðeins leyfi Landsímans til að
nota stöðvar hjálparsveitanna á amatörtíðnum af amatör
um.

Samt sem áður, neyð upphefur allar reglur. Gætu því
aðrir notað stöðvarnar á amatörtíðnum í ýtrustu neyð,
en það síðan tilkynnt Radióeftirlitinu við fyrsta tæki
færi.

Fái sveitirnar almennt aðgang að einni amatörtíðni,
t.d. 3505 Kc, tel ég það síður vænlegt til árangurs en

ef amatörar væru í sveitunum er hefðu reglulega sambönd við aðra amatöra í byggð og þeir skiptust á upplýsingum. Af eigin reynslu veit ég, að oft má kalla CQ á 3505 Kc án þess að fá svar, þar sér við erum svo fáir að löngum er enginn amatör að hlusta.

Það er meginregla radió amatöra um allan heim, að þeir einir noti þau tíðnisvið, sem þeim hefur verið úthlutað. Þessari meginreglu ættum við íslenskir radió amatörar einnig að fylgja.

Margir hafa reynt að sleppa við próf til að verða radió amatörar, en allir hafa orðið að sýna morsekunáttu. Þessa hefur verið krafizt af okkur og við ættum einnig að krefja þá, sem vilja inn á okkar tíðni svið.

Hjálparsveitirnar hafa margar í þjónustu sinni hina fræknustu radió amatöra svo samkomulag hlýtur að nást.

Leiðinlegrar óþolinmæði hefur orðið vart við ákvörðun þessa máls, en ég tel hana ekki eiga rétt á sér, þar sem engin ástæða er til að flana að neinu, heldur leita álits og ræða málið.

Garðar Gíslason
TF3IC

EINRÆÐI.

Ef ég upp í nef mér næði,
Nóg ég mundi skrifa' í bræði,
Bólgna ég og blæs af mæði,
Bágt er þetta eina ræði.

(Aðsent)

SAMEIGINILEG NOTKUN RADIÓAMATÖRA
OG HJÁLPARSVEITA Á TÍÐNINNI 3505 KC.

Ég tel sjálfsagt að Félag íslenskra radioáhugamanna mæli með því að orðið sé við þeirri beiðni björgunar sveitanna að þær fái að nota tíðnina 3,505 Mc. í neyðartilfellum.

Eins og fram hefur komið í umræðum um þetta mál liggja ýmsar orsakir til þessarar beiðni, en ein þeirra er sú að forráðamenn þessara sveita telja að radio amatörar geti í ýmsum tilfellum veitt aðstoð, sem örðugleikar geti verið á að fá á annan hátt.

Hér á landi hafa radio amatörar einungis tekið þátt í slíkum björgunarstörfum, sem meðlimir þessara sveita og hafa þá notað þeirra tæki og tíðnir.

Víða erlendis virðist slík aðstoð í neyðartilfellum, sem hér er óskað eftir vera nokkuð algeng af marka má ýmis erlend tímarit, sem veita fréttum um slík störf oft mikið rúm.

Sú aðstoð, sem hér er farið fram á virðist mér vera tvenns konar.

1. Afnot í neyðartilfellum af tíðninni 3,505 Mc. sem er á sviði, sem radioamatörum hefur verið út hlutað
2. Aðstoð þeirra amatöra, sem tækifæri hafa til þess að láta slíka aðstoð í té hverju sinni.

Um fyrra atriðið er það að segja að hér, sem betur fer er um mjög fá tilfelli að ræða. Óþægindi sem amatörar yrðu fyrir af þessum sökum yrðu því mjög lítil og auk þess er um nægar aðrar tíðnir að velja í þessum tilfellum fyrir venjuleg amatörviðskifti. Um síðara atriðið virðist mér að hér sé einmitt

tækifæri fyrir okkur amatörana til þess að láta þetta „hobby“ koma að öðru gagni en eingöngu ánægju fyrir okkur sjálfa.

Margir okkar hafa yfir að ráða góðum tækjum og hafa æfingu í notkun þeirra við mismunandi skilyrði.

Ég efa ekki að þetta gæti í ýmsum tilfellum komið að gagni fyrir starfsemi björgunarsveitanna, en til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að þetta sé undirbúið áður en til þess kemur að á því þurfi að halda. Sá undirbúningur verður best framkvæmdur með því að láta þessi viðskifti fara fram á tíðni, sem er í stöðugri notkun hjá amatörunum. Meðlimir björgunarsveitanna leggja á sig mikið erfiði, endurgjaldslaust og verja oft miklum tíma til þessara starfa. Þeir óska nú eftir aðstoð okkar radioamatöranna við þessa starfsemi sína. Þessa aðstoð getum við veitt án þess að nokkur okkar þurfi að leggja á sig meira en hann sjálfur vill og hún skerðir í engu þau afnot, sem við höfum, við venjulegar aðstæður af tíðninni 3,505 Mc. Mér finnst ekki koma annað til greina en að verða við þessari ósk og veita á þann hátt þeim úr okkar hópi, sem áhuga hafa á því að taka þátt í þessari starfsemi, tækifæri til þess að gera það á þann hátt, sem hér er óskað eftir.

Kópavogi í janúar
1966. Eggert Steinsen.
TF 3 AS.

ORÐ Í BELG



Síðan íslenzkir amatörar fengu leyfi til að nota 3500-3550 kr/s hefur aðallega tíðnin 3505 kr/s verið notuð sem kall og viðskiptabylgja innanlands. Ekki man ég hvernig notkun þeirrar tíðni er til komin þ.e.a.s. hvort stjórn félagsins hafi samþykkt að mæla með henni eða menn noti hana bara af gömlum vana. En er þessi tíðni alls kostar heppileg? Er ekki rétti tíminn til að endurskoða það einmitt núna? Nú, þegar búast má við meiri fjölgun amatöra en verið hefur. Nú, ef til koma afnot björgunarsveita af amatörtíðni. Ekki verður auðveldara að breyta er frá líður.

Tíðnisvæðið umhverfis 3505 kr/s er hentugt til morseviðskipta við erlendar stöðvar vegna þess að þar halda þær sig mest og þetta er eiginlega eina tíðnisvæðið á 80 m. þar sem unnt er að hafa cw dx qso að gagni. Þessvegna finnst mér fráleitt að nota tíðnina 3505 kr/s til innanlandsviðskipta og útiloka á meðan þá er vilja hafa sambönd við erlendar stöðvar þegar til eru margar aðrar tíðnir, sem nota má innanlands. Hingað til hefur þetta yfirleitt lítið komið að sök, vegna þess hve fáir amatörar eru, en búast má við aukinni notkun tíðninnar með nýjum amatörum og ég tala nú ekki um ef björgunarsveitir bætast við líka.

Ég legg því til að fram fari rækileg leit að annari tíðni. Leitað verði í tíðnisviðinu 3550-3775 kr/s að tíðni sem I.R.A. og björgunarsveitirnar sækja síðan um sem kall og viðskiptatíðni fyrir amatöra og neyðartíðni fyrir björgunarsveitirnar og að leyfð sé hverskonar útgeislun, sem ekki taki meira svið en u.þ.b. 10 kr/s. En amatörar geta komið að miklu meira gagni ef aðstoð þeirra er ekki takmörkuð við eina tíðni. Ég legg því enn fremur til að sótt verði um, að einstakir amatörar geti fengið hjálparstöðvarleyfi, ef þeir; fullnægja vissum skilyrðum, þ.e. leyfi til að senda á öðrum tíðnum björgunarsveitanna, þegar þess er óskað.

TF3KB

-0-0-0-0-0-0-0-0-0-

AÐSTOÐ RADIOAMATORA Í NEYÐ

Á síðasta félagsfundum kom sú skoðun fram, að ef björgunarsveitunum yrðu leyfð takmörkuð afnot af einni tíðni 80 m. bandsins, skapaðist sú hættu að bylgjan yrði alveg tekin af okkur. Þetta tel eg alranga skoðun. Það myndi einmitt styrkja aðstöðu okkar mjög gagnvart yfirvöldunum, ef við sýndum, að við gætum gert eitthvað gagn.

Áður fyrr, á bernskuárum radiotækninnar, áttu radioamatörar geysimikinn þátt í framförum á sviði radiotækni og fjarskipta. Nú eru þeir tímar svo að segja liðnir. Radiotæknin er komin svo langt á þróunarbrautinni, að fáum einstaklingum er fært að afla sér nauðsynlegra tækja til rannsókna. Þess vegna verða radioamatörar að sýna það á einhvern annan hátt, að þeir séu til einhvers nýtir, en eyði ekki dýrmætum bylgjum í eintóman kjaftagang um einskisverða hluti.

Alkunna er, hversu mikil þröng ríkir á stuttbylgjunum. Sífellt fleiri ríki fá sjálfstæði og vilja að sjálfsögðu koma sér upp útvarpsstöðvum til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Nú er svo komið, að til stórra vandræða horfir. Það er einfaldlega ekki pláss á stuttbylgjunum fyrir fleiri stöðvar. Verður því að endurskipuleggja allt stuttbylgjusviðið með tilliti til hversu mikilvæga þjónustu hinar mismunandi stöðvar veita. Er anzi hætt við, að amatörradio verði ekki ofarlega á þeim lista, ef ekkert verður að gert.

Nú sem stendur hafa amatörar yfir að ráða um tíunda hluta stuttbylgjusviðsins, en hafa sífellt verið að missa meira og meira af bylgjum sínum. Ef farið hefði verið eftir öllum þeim tillögum, er fram komu á síðustu tíðniráðstefnu I.T.U., sem haldin var 1959, litu alþjóða amatörbylgjurnar þannig út í dag:

Engin viðskipti leyfð á 160 m.

80 m. 3500 3550 kc.

40 m. 7000 7100 kc.

20 m. 14000 14250 kc.

15 m. 21000 21400 kc.

10 m. 28000 29000 kc.

Þar sem álitid var að nánari rannsókn yrði að fara fram áður en veigamiklar breytingar yrðu gerðar, varð niðurstaðan sú, að amatörar héldu bylgjum sínum svo

til óbreyttum. Gert er ráð fyrir, að næsta tíðniráðstefna verði haldin einhverntíma á árunum 1968/1970 og er vafasamt, að radioamatörar verði þá eins heppnir og 1959, því að þá tóku aðeins 20 ný ríki þátt í ráðstefnunni, en nú eru þau þegar orðin yfir 50 meðal 120 ríkja er taka þátt í ráðstefnunni.

Það er nú augljóst mál, að radioamatörar verða að gera eitthvað til þess að falla ekki alveg í skuggann. Er því, að mínu áliti, furðuleg og algjörlega óskiljanleg afstaða þeirra félagsmanna, sem vilja ekki, eða eru af einhverjum ástæðum hræddir við að aðstoða

ómetanleg hjálparstarfsemi Hjálparsveltur skáta, Slysavarnarfélagsins og Flugbjörgunarsveitarinnar. Sú meðferð, sem mál þetta hefur fengið á síðustu tveim félagsfundunum, hefur orðið félaginu til ævarandi skammar, en von mín og ósk er sú, að mál þetta verði svo til lykta leitt, að það verði félaginu til sóma.

TF30M

FRÉTTIR

Ætlunin er, að út komi tvö aðalblöð á þessu ári, Öllu vandaðri en þetta. Er gert ráð fyrir, að hið fyrra komi út 1. marz, en hið síðara 1. nóvember. Ég vil eindregið hvetja menn til þess að setjast niður og sjóða saman greinarkorn fyrir blaðið. Af nógu er að taka. Ef einhver gengur með sniðuga hugmynd í kollinum, þá er hér gullið tækifæri til þess að koma henni á framfæri. Ef menn kynnu að heyra í sjaldgæfum DX, eða eitthvað óvenjulegt á böndunum, þá eru þeir beðnir um að láta blaðið vita. Sumir gætu e.t.v. tekið að sér að þýða eða endursegja greinar úr erlendu lesmáli, því það er ekki öllum fært að lesa erlent mál.

Á aðfangadag jóla var QSL manager félagsins Ásgeiri Magnússyni TF3AB afhent skrautritað skjal, sem örlítill þakklætisvottur fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Núverandi stjórn félagsins er skipuð þannig:

Jón Þ. Jónsson TF3JA, formaður
Garðar Gíslason TF3IC, varaformaður
Carl J. Eiríksson TF3CJ. gjaldkeri
Hallgrímur Steinarsson TF3HS, ritari
Guðjón Einarsson, spjaldskrárritari
Ágúst H. Bjarnason, TF30M, ritstjóri TF
Vilhjálmur Þ. Kjartansson TF3DX, meðstj

Ásgeir Magnússon TF3AB, QSL manager

Adressa félagsins er: I.R.A. , Box 1058, Reykjavík.

Borizt hefur bréf frá V.E.R.O.N., þar sem beðið er um, að QSL kort séu send til "The General QSL manager, P.O. Box 400, Rotterdam", ef þau eru ekki send beint til viðtakanda.

Níunda Jamboree-on-the-Air, verður 22. til 23. október 1966. Nánari upplýsingar eru væntanlegar síðar.

HB9US kvartar yfir því, að kallmerkið sitt hafi verið notað ólöglega frá því 1964. Hann mun ekki nota stöðina a.m.k. fram í sept. 1966 og varar menn við að skipta við það kallmerki á því tímabili.

Alþjóða Rauði Krossinn hefur hafið útsendingar á 7210kc. og reynslusendingar 1966 munu verða eins og hér greinir:

Janúar	10.	12.	14.	hverjum degi kl
marz	21.	23.	25.	0600-0700 GMT
maí	9.	11.	13.	1130-1230 "
júlí	4.	6.	8.	1500-1600 "
sept.	19.	21.	23.	2100-2200 "
nóv.	21.	23.	25.	

Þeir sem hlusta á "INTERCROIX ROUGE", eru beðnir um að senda upplýsingar um viðtöku með SINPO kóða og

gefa upp staðsetningu, viðtæki, loftnet o.s.frv.
Verður mönnum veitt viðurkenningarskjal fyrir ómakið.

Þeir sem hafa áhuga á að skipta við sænska radioamatöra á íslenskum frímerkjum og kallbókum, kortum, CQ, QST o.fl. geta fenglð nánari upplýsingar hjá stjórninni.



Þessar stöðvar hefur verið skipt við-
eða hafa heyrst á böndunum. Tölurnar
innan sviga tákna þann tíma (GMT) er
þær hafa heyrst.

80 metrar CW

Fregnir frá TF3KB og TF30M. DJ6SI/LX
(00), DL3JR (18), G3ING (04)

G3RJH (18), GI3JEK (10), HI3PC (09), K2DGT (10), LA1K
(09), OH1SH (16), OX3LP (03), OZ1MG (23), OZ7RQ (10),
PA0FBI (18), PY1BTX (22), SM5CFE (17), SM6DVJ (17),
TA3AF (00), UA2CA (02), UA2CD (02), UY5MU (02), VE1ZZ
(11), V01EM (23), W1EVT (10), W3MFW (02).

20 metrar

Fregnir frá TF2WHI og TF3EA.

CW. LA4FG/P (12)(Svalbarði), UA1KED (Franz Jós.1)
ZE1BC (16).

SSB. EA8CM (13), FG8XX (13), HI8XMT (16), HP3MC (13),
JA8AA (21), LA3P/P (22), KL7EBK (21), LA6XF/P (22),
LA5LA/P (22), LA8FG/P (21), OA4FM (18), OX3LP (22),
PJ2MI (21), PJ3CD (21), TF2WJK (22), TT8AW (18), UA0-KAE
(14), VE7VE (20), VP2KL (21), VP5AR (21), VP9CP (17),
W4TDI (20), W7FKL (21), XE1TL (17), XP1AB (18) (mun
vera önnur af tveim XP-stöðvum í heiminum. QTH
Grænland. Hafa leyfi fyrir "third party traffic") ZB2AJ
(15), ZD8DL (18), ZS6ZH (17).

15 metrar Fregnir frá TF3EA. SSB. K4RLO (16), W4LIU (17).

10 metrar

Fregnir frá TF2WHI.

SSB. Nokkrar stöðvar í S-Ameríku og Afríku heyrðust, en
mjög dauft,

550-



807/XX

940-



SIGNAL INJECTOR 805/XX

SNORRI P. B. ARNAR
GRUNDARSTÍGUR 12
REYKJAVÍK
SÍMI 1 38 69

